

**Starfsemi:**

Húsið er á tveimur hæðum. Á 1.hæð eru fjórar leikskóladeildir og í kjallara eru lagnarymi og geymsla.

Húsið skiptist í tvo hluta sem tengdir eru saman með kjambbyggingu. Í hvorum hluta hússins eru tvær leikskóladeildir. Í suður hluta hússins er gert ráð fyrir deildum fyrir yngstu börnin, við enda hans er afgirt leiksvæði fyrir yngstu börnin. Við hverja deild eru salerni og fataherbergi. Í kjambbyggingu eru skrifstofur, aðstaða fyrir starfsfólk, eldhús, salur og fl. sameiginleg rými.

Miðað er við að fjöldi barna sé allt að 100 talsins mestan hluta dagsins. Gert er ráð fyrir 20-30 starfsmönnum.

**Byggingarlýsing:**

Aður hefur verið steyptur kjallari og botnplata fyrstu hæðar. Húsið er á steinsteyptum sökkjum á malarpúða. Undir steinsteyptri plötu er einangrunarplast. Kólnunartala plötu : 0,30W/m<sup>2</sup>C°. Útveggir eru steinsteyptir, einangraðir að utan með 125 mm steinullaplötum, klæddir með steniklæðningu. Hluti hússins er klæddur smábáru, smábáraðri álklaðningu. Lítr verða í ljósum tönum. Kólnunartala útveggja er 0,4 W/m<sup>2</sup>C°

Innanhúss eru steyptir veggir sléttmúraðir og málaðir. Allir létir innveggir eru gífsklæddir, fylltir með steinull og sömuleiðis málaðir. Gluggar eru tré-ál gluggar. Allt gler er tvöfalt einangrunargler, einangrunargildi skv. byggingareglugerð.

**ÞÖK** eru tvennskonar, yfir leikskóladeildum og hluta kjama er steinsteypt plata einangruð með plasteinangrun ("styrisol") í tveimur lögum, samtals 200mm þykkt, varin með mól. Heilbræddur tjórupappi er undir einangrun á þaki og þakköntum. Önnur þök byggingarinnar er með tvöfaldr þökulagn en byggður upp á sama máta og hér er lýst að ofan. Kólnunartala þakflata er er 0,2 W/m<sup>2</sup>C°, eða betri. Óvarinn þakpappi er í brunaflokkki T.

Loftklæðning innanhúss eru hljóðdeyfandi harðpressaðar steinullaplötur í brunaflokkki 1.

Vélræn loftræsing er almennt í byggingunni og því til viðbótar er loftað um opanleg fög. Loftræsing uppfyllir skilyrði reglugerðar. Lagnastokkar eru staðsettir í stokkum við aðalstig hússins. Hitakerfi hússins er gölflíti.

Keramik flisar eru á gólfum anddyra, fataherbergja og snyrtinga en vinyldúkur á eldhúsi, þvottahúsi og ræstingu. Á öðrum gólfum er linoleum dúkur og í öllum leik og kennslurýmum er korkment undirlag. Gólfíurfall eru í öllum votrymum.

Inntök rafmagns, hitaveitu og vatns eru frágengin skv. kröfum vökomandi veitna og eru staðsett í kjallara.

**Smáhýsi á lóð**

Einn geymsluskúr er á lóð fyrir geymslu leiktækja. Það er byggt úr timburgrind, klætt smábáru. Þak er þökuklætt. Húsið er óupphitað en með rafmagnslýsingu.

**Sorggeymsla**

Sorggeymsla er stakstæð á lóðinni staðsett við norðurhlöð hússins í nálægð við eldhús og bílastæði skólans.

Gert er ráð fyrir 28 bílastæðum á lóð, þar af 2 stæði fyrir hreyfihamlaða Lóð er hönnuð af Forma ehf

**Stærðir:**

Lóðarstærð: 4918,2 m<sup>2</sup>

	FLÓTUR	RÚMMÁL
Kjallari :	180,9 m <sup>2</sup>	553,6 m <sup>3</sup>
1.hæð :	770,9 m <sup>2</sup>	2937,1 m <sup>3</sup>
Botnflótur:		155,8 m <sup>3</sup>
Stærð húss samtals :	<b>951,8 m<sup>2</sup></b>	<b>3646,5 m<sup>3</sup></b>

Brúttóflótur húss án kjallara: 770,9 m<sup>2</sup> og smáhýsi 15,2 m<sup>2</sup>.  
**Nýtingahlutfall: 0,16**

**BRUNAVARNIR**

**Texti unnin af Mannvit verkfræðistofu**

**Almennt:**

Starfsemin í húsinu verður rekstur leikskóla og fellur því undir notkunarflokk 5 samkvæmt gr. 9.1.3. í byggingarreglugerð.

**Brunaþol burðarvirkis:**

Allt burðarvirki hússins er jámbent steinsteypa og hefur að minnsta kosti R60 brunaþol.

**Brunahólf:**

Húsinu verður skipt upp í brunahólf þar sem leikskóladeildir í hvorri álmu eru í sérbrunahólfum, og gangi eftir endilöngu húsinu er skipt í þrjú brunahólf. Ganginum fylgja minni rými eins og skrifstofur og snyrtingar. Salur í miðju húsi er í sérbrunahólfi. Kjallari þar sem eru geymslur og tæknirými er í sérbrunahólfi. Veggir verða EI60 og settar verða EI230 CS<sub>m</sub> eða E30 CS<sub>m</sub> hurðir á milli brunahólfa. Brunahólfun er sýnd á grunnmynd.

**Flóttaleiðir:**

Tvær flóttaleiðir eru út úr öllum herbergjum á leikskóladeildum, annaðhvort tvennar dyr eða dyr og björgunarop. Flóttaleiðirnar eru annaðhvort beint út undir bert loft eða fram á gang og þaðan beint út. Úr sal í miðrymi eru tvær flóttaleiðir beint út og tvær fram á gang. Úr eldhúsi er flóttaleið beint út og önnur fram á gang. Flóttaleiðir eru sýndar á grunnmynd. Allar hurðir í flóttaleiðum skulu vera auðopnanlegar án lykils eða annarra verkfæra.

**Brunaviðvörðunarkerfi:**

Brunaviðvörðunarkerfi verður sett í húsið með tengingu inn á viðurkennda vaktstöð. Kerfið verður viðurkennt númerað kerfi, hannað og uppsett í samræmi við reglur og leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar nr 160.BR3 9. Kerfið verður þjónustað af aðila sem hefur viðurkenningu frá Mannvirkjastofnun. Stjórnstöð kerfisins er í forstofu við aðalinnangang.

**Klæðningar og einangrun:**

Allar vegg- og loftklæðningar verða í fl. 1 sem samsvarar flokkun B-s1,d0 samkvæmt ÍST EN 13501-1. Létir innveggir verða steinullareinangraðir gífsplötuveggir.

**Neyðarlýsing og út- ljós:**

Neyðarlýsing og ÚT-ljós verða í húsinu í samræmi við byggingarreglugerð, ÍST EN1838:1999, ÍST EN 50172:2004 og leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar nr 160.BR3 9. ÚT-ljós verða við útganga og í flóttaleiðum og eru sýnd á aðalteikningum. Neyðarlýsing verður á göngum og í flóttaleiðum og í sal og kennsludeildum. Björgunarop verða merkt með eftirlýsandi merkjum.

**Slökkvitæki:**

Handslökkvitæki, léttvatnstæki verða sett upp við útganga og í samræmi við ráðleggingar eldvarnaeftirlits. Handslökkvitæki skulu vera skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar nr. 165.BR1 og ÍST EN 3.

**Loftræsikerfi:**

Loftræsikerfi skal ekki stuðla að reykútbreiðslu. Ef sami loftræsistokkurinn þjónar fleiri en einu brunahólfi skal setja bruna- og reyklokur í stokkinn milli brunahólfa. Við boð frá brunaviðvörðunarkerfinu skal loftræsikerfið slökkva á sér.

**Reyklosun:**

Reyklosun út úr húsinu verður í gegnum dyr og glugga á byggingunni.

**Viðhald og eftirlit:**

Eigandi/rekstraraðili setur upp eigið eftirlit með brunavörnum í húsinu í samræmi við reglugerð nr. 200/1994 og almennar verklagsreglur um slíkt eftirlit.

Samþykkt þann

01. feb. 2017

Byggingafulltrúinn *KM* Hafnarfirði

Reiknað U-Gildi byggingarhluta		
Gluggar	1,6	W/m <sup>2</sup> K
Hurðir	2,5	W/m <sup>2</sup> K
Útveggir að jarðvegi	0,32	W/m <sup>2</sup> K
Steyptir útveggir, klæddir	0,38	W/m <sup>2</sup> K
Botnplata	0,23	W/m <sup>2</sup> K
Víðsnúð þak	0,20	W/m <sup>2</sup> K
Timburþak með torfi	0,20	W/m <sup>2</sup> K
Reiknað vegið meðaltal		
Vegið meðaltal veggja/glugga/hurða	0,57	W/m <sup>2</sup> K
Reiknað varmatap á m <sup>2</sup> húss		
Varmatap á brúttó m <sup>2</sup> húss	0,94	W/m <sup>2</sup> K

Sótt er um undanþágu frá kröfu í deiliskipulagi um hámarkuhæð 3,7m, á grundvelli 2.3.4 gr í byggingareglugerð. Breytingin er óveruleg, húsið hefur aukna hæð í takmörkuðum hluta, sal leikskólans. Þar sem nágrennahúsin eru 3ja hæða þá eru áhrifin á gótmýndina óveruleg og sömuleiðis áhrif á nágrenna.

A	SS	SS	01.11.2016
Sorpunnugerði breytt.			
Minniháttar breytingar innanhúss			
ÚTGÁFA	TEKNAÐ	TYRIFARÐ	ÍDALSS
BREYTINGAR			

MANNVIT IS  
Óskar Þorsteinsson  
2017-01-11 15:55:10

ASK ARKITEKTAR EHF  
GEIRSGÖTU 9 101 REYKJAVÍK  
SÍMI 515 0300 FAX 515 0319  
www.ask.is



ÁRITUN AÐALHÖNNUNÐAR  
*Stigurborg Stigurborg*  
Stigurborg Stigurborg  
Anniket P.A.L. 46060767-8319  
stigurborg@ask.is

VERKEFNI	
Leikskóli Bjarkavöllum 3 Hafnarfirði	
TEGUND TEKNINGAR	MKV. I A2
ADALTEIKNING	1:500
HEFTI TEKNINGAR	SS
Afstöðumynd	TEKNAÐ
	ÍJH/GRY
	YRIF.
	UEF
DAGS.	25.11.2014
UTGÁFA	
VERK NR.	AUKENING - NÚMÉR TEKNINGAR
0736	10-01
	ÚTGÁFA
	A